



Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Tíð dags.	22.11.2016
Matatýkill	9.32
Mál nr.	1302243



SJÓMANNADAGSRÁÐ

Viðhengi 23 - DAS/Sjómannaðagsráð

21. nóvember 2016

Garðabær
Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri
Garðatorgi 7
Garðabæ

Varðar: Ábendingar vegna aðalskipulags Garðabæjar 2016 - 2030

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur auglýst forkynningu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030, þar sem gefin er kostur á að koma á framfæri ábendingum áður en aðalskipulagstillaga verður auglýst. Af þessu tilefni vill Sjómannaðagsráð koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Farsæl samvinna Garðabæjar og Sjómannaðagsráðs um uppbyggingu á byggð fyrir eldri borgara í Hleinum hefur staðið yfir frá árinu 1980. Á þessum tímabili hafa fjöldi hugmynda verið kynntar, s.s. eins og bygging íbúða fyrir starfsmenn árið 1982, ný hjúkrunarálma árið 1992, fjölbýlishús og þjónustumiðstöð árið 1997, þjónustuþorp fyrir fullorðið fólk árið 2005 og ýmsar útfærslur af íbúðum fyrir aldraða svo eitthvað sé nefnt. Vinna þessi hefur byggt á þeirri megin forsendu að í gildi er samningur á milli Garðabæjar og Sjómannaðagsráðs um úthlutun byggingalóða í Hleinum frá árinu 1982, en í samningi er þess getið að eftir sé að úthluta lóðum á byggingarsvæðum B til E.

Hin eiginlega uppbygging íbúða fyrir aldraða í Hleinum hófst árið 1982 með byggingu lítilla raðhúsa í Boðahlein (svæði A) og síðar í beinu framhaldi var haldið áfram með byggingu raðhúsa í Naustahlein (svæði B).

Á árinu 2001 samþykkir Garðabær nýtt deiliskipulag fyrir Hleinar þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu íbúða og þjónustu fyrir aldraða. Í kjölfar þess hóf Sjómannaðagsráð að vinnu við nánari útfræslu þess skipulagssvæðis sem taki mið af þörfum eldri borgara. Um þessar skipulagshugmyndir var síðar fjallað um í gildandi aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016.

Þann 28. febrúar árið 2007 sendi Sjómannaðagsráð erindi til Garðabæjar um breytingu á deiliskipulagi í Hleinum með 242 þjónustuíbúðum og 48 hjúkrunaríbúðum, ásamt þjónustumiðstöð. Erindið fékkst ekki afgreitt, en í samskiptum sem átt hafa sér stað á milli Garðabæjar og Sjómannaðagsráðs, hefur ávalt verið litið svo á að við næsta áfanga við uppbyggingu í Hleinum verði tekið mið af þeirri tillögu sem end hefur verið.

Sjómannaðagsráð hefur nú að undanförunni verið að undirbúa frekari uppbyggingu á íbúðum og þjónustu fyrir aldraða við Hrafnistu og lýsir sig reiðubúið að vinna áfram að þeirri þróun í samræmi við skipulagsstefnu Garðabæjar og m.t.t. þeirra þarfar sem við blasir með öldrun þjóðarinnar.

Undanfarin áratug hefur Velferðarráðuneytið markvisst framfylgt þeirri stefnu sinni að aldraðir búi sem lengst á eigin heimili, en í því felst m.a. að í dag er verulega minna framboð af hjúkrunar- og dvalarrýma fyrir aldraða. Ein af afleiðingum þess er að eldra fólk leitar í meira mæli eftir að setjast að í íbúðum sem eru í öruggu umhverfi, þar sem stutt er að sækja þjónustu og afþreyingu. Fjöldi þeirra einstaklinga sem þurfa á meiri aðstoð að halda og meiri stuðningi við athafnir daglegs lífs



hefur aukist stöðugt, og enn stærri stórar kynslóðir eru að komast á það aldursskeið þar sem þessi þörf fer að gera vart við sig. Við þessari þróun vill Sjómannadagsráð bregðast m.a. með frekari uppbyggingu í Hleinum þar sem tækifæri eru til staðar að til þess að halda áfram að byggja upp íbúðir í öruggu umhverfi Hrafnistuheimilisins, þangað sem stutt er að sækja þjónustu og afþreyingu.

Af þessari ástæðu vill félagið koma eftirfarandi ábendingu á framfæri við undirbúning að nýju aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030:

1. Á skipulagsreit 1.82 íb. á uppdrætti og í kafla 3.3.2 í kynningargögnum er skipulagssvæði fyrir íbúðabyggð í Hleinum tilgreind nánar. Sú breyting hefur verið gerð frá fyrra skipulagi að ekki er gert ráð fyrir sama fjölda íbúða og nú er í gildandi skipulagi, né heldur þeim fjölda íbúða sem óskað hafði verið eftir í erindi sem Sjómannadagsráð sendi 28. febrúar 2007. En brýn þörf er fyrir uppbyggingu á íbúðum og þjónustu fyrir aldraða, eins og fram kemur hér að ofan.

Þess er óskað að á þessum skipulagsreit verði gert ráð fyrir a.m.k. 300 nýjum íbúðum ásamt þjónustu fyrir aldraða sem byggt verði í áföngum næstu 15 árin.

2. Samkvæmt kynningargögnum Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 er ekki lengur gert ráð fyrir beinni tengingu frá Herjólfsbraut að nýja Álftanesvegi. Þess í stað er gert ráð fyrir að íbúar í Hleinum aki eftir „gamla“ Álftanesvegi og taki á sig um 2,5 km. krók í átt að Álftaneshverfi til að komast inná „nýja“ Álftanesveginn. Þessi breyting rýrir verulega aðgengi núverandi íbúa í Hleinum að þjónustu sveitarfélagsins og það sama á við um verðandi íbúa í Hleinum og í fyrirhuguðu hverfi í Garðaholti.

Þess er óskað að tengingu verði komið aftur á frá Herjólfsbraut eftir stystu mögulegri leið inná nýja Álftanesveg, t.d. eins eins og gert er ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi 2004 – 2016.

Það er von okkar að tekið verði tillit til þessa ábendinga áður en nýtt aðalskipulag Garðabæjar 2016 – 2030 verður auglýst með formlegum hætti.

Virðingarfyllt

Sigurður Garðarsson
Framkvæmdastjóri



Tenging um gamla Áftanesveg 1,8 km



Tenging um nýja Áftanesveg 4,1 km





Kynningargögn fyrir nýtt aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030

3.3.2 YFIRLIT

Íbúar/íbúð - meðaltal 2030: 2,4			Fjöldi íbúða			Íbúafjöldi			Þéttleiki byggðar íbúðir/ha			
		Flatarmál	Núv.	Nýjar	Samtals	Núv.	Ný	Fullbyggt	Núv.	Ný	Fullbyggt	
Svæði	Heiti	ha	íbúðir	íbúðir		íbúar	byggð		Byggð	svæði		
Vestursvæði	Álftanes	Álftanes, útnes	16,7	36	94	130	122	226	312	4,9	10	7,8
		Álftanes, úthringur	57,9	311	83	394	1.065	199	946	6,3	10	6,8
		Álftanes, miðja	45,8	422	110	532	1.305	264	1.277	10,2	25,0	11,6
			120,4	769	287	1.056	2.492	689	2.534	7,8	13,0	8,8
	Garðaholt	Hleinar	14,7	56	121	177	72	290	425	9,7	13,6	12,0
		Garðahraun	26,5	63	24	87	180	58	209	2,4		3,3
		Garðahverfi	59,1	13	28	41	39	67	98	0,2		0,7
		Garðaholt	107,1	0	1.285	1.285	0	3.084	3.084	-	12	12,0
		Garðaholt norður	16	0	192	192	1	461	461	-	12	12,0
			223,4	132	1.650	1.782	292	3.961	4.277			8,0
Vestursvæði samt.:		343,8	901	1937	2838	2784	4649	6812			8,3	